

Dags eftirlits	6.5.2015	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella
Fyrirtæki	Olíudreifing, Krossanesi	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Guðjón Páll Jóhannsson	Staðsetning	540523,65 578809,711

Niðurstaða eftirlits

Engin frávik komu fram við eftirlit en gerð var ein athugasemd varðandi endurnýtingarbúnað fyrir bensíngufur.

Umfang eftirlits

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Farið var yfir rekstrarhandbók og skráningar. Litið var yfir viðbragðsáætlun, afstöðumynd og flæðirit sem staðsett er á kaffistofu starfsmanna. Viðbragðsáætlun er einnig staðsett við brunavarnarbúnað sem er utan á skrifstofuhúsnæði stöðvarinnar.

Allir geymar í stöðinni sem notaðir eru undir olíur hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Næstu geyma skal prófa árið 2017.

Á síðasta ári varð slys þegar verið var að dæla MD olíu á olíugeymi í stöðinni og nokkuð magn olíu fór niður í olíuvarnarþróna. Sjá mátti ummerki þess við eftirlit en jarðvegur hefur verið látinn standa óhreyfður og náttúrulegt niðurbrotsferli látið hafa sinn gang. Kom í ljós við atvikið í fyrra að loki í mengunarvarnarþró hafði bráðnað vegna olíunnar. Skipt hefur verið um lokann og samskonar loki settur á aftur. Verið er að leita lausnar, annað hvort til að styrkja þessa gerð loka eða reyna að finna nýja tegund sem stenst olíuálagið. Lokinn heldur í olíuleka svo lengi sem ekki er hreyft við honum.

Gufuendurnýtingarbúnaður fyrir bensíngufur er í stöðinni en hefur hann verið bilaður síðustu daga. Verið er að vinna að viðgerð og sendir rekstraraðili tilkynningu um verklok til eftirlitsaðila um leið og viðgerð er lokið.

Góð flokkun á úrgangi er í stöðinni og spilliefnakör eru tæmd reglulega af starfsmönnum stöðvarinnar, til Hringrásar.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró), olíuskiljur og áfyllingarplan. Lokar stóðu lokaðir eins og krafist er skv. gr. 2.8 í starfsleyfi. Í eftirlitinu var tekið Macherey-Nagel próf fyrir olíu í frárennsli og var ekki hægt að greina neitt olíusmit á því prófi.

Olíuskiljur eru tæmdar að meðaltali einu sinni í mánuði af verktaka og losar hann úrganginn til endurvinnslu Skeljungu.

Lóðin er afgirt með mannheldri girðingu og er hlið inn á lóðina læst þegar stöðin er mannlau.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila eða eftirlitsaðila og engin óhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Athugasemdir

Endurnýtingarbúnaður fyrir bensíngufur er bilaður og unnið er að viðgerð. Í hitabreytingum safnast fyrir raki í kerfinu sem frýs og veldur bilunum. Lögð er áhersla á að rekstraraðili finni varanlega lausn við þessum bilunum.

Annað

Reglubundin þjálfun starfsmanna hvað varðar öryggis- og mengunarmál er til staðar ásamt því að nýjir starfsmenn fá þjálfun við upphaf starfs.


Starfsmenn stöðvarinnar sjá sjálfir um uppdælingu olíunnar úr skipum og yfir í olíutankana og fara eftir verklagsreglum þar um. Dælt er að meðaltali einu sinni í mánuði og er áætluð vegalengd lagna frá bryggju að geymum um 450m.

Ísogsefni og brunavarnarkerfi er til staðar og greinargóðar leiðbeiningar staðsettar við kerfið.

Rekstraraðili er með umhverfisstjórnunarkerfi ISO14001, ásamt ISO9001 gæðastjórnunarkerfi og ISO18001 öryggisstjórnunarkerfi.

Viðstödd eftirlitið var María Markúsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

Reykjavík, 20.05.2016



Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta